



# Dalabyggð

---

**Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á  
sveitarstjórnarfundum nr. 246, 16. maí  
2024**





---

Helstu viðfangsefni síðustu daga og vikur eða frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 11. apríl sl. Hér er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði.

- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 660 íbúar mv. 2. maí sl. hefur fjölgað um 5 frá því í byrjun apríl.
- Útboð á skólaakstri fór í loftið um miðan apríl og lokadagur til að skila inn tilboðum er föstudaginn 17. maí kl. 12:00. Stefnt er að opnun tilboða seinna þann dag. Útboðið er unnið í samstarfi við Ríkiskaup.
- Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er nú hafin og fer hún fram hér í stjórnsýsluhúsinu okkar í Búðardal og er það starfsmaður okkar sem heldur utan um framkvæmdina í fjarveru starfsmanns sýslumannsembættisins. Opið er alla virka daga á milli kl. 11:00 og 13:00.







- Samráðsfundir voru haldnir í Nýsköpunarsetrinu dagana 15. og 16. apríl til að kynna tillögu að þjónustustefnu Dalabyggðar. Boðið var upp á tvo fundi líkt og við höfum gert áður til þess að fleiri íbúum sé gert kleift að mæta.
- Úthlutunarhátíð Frumkvæðissjóðs DalaAuðs fór fram 17. apríl sl. í Árbliki. Frumkvæðissjóður DalaAuðs styrkir bæði samfélagsefandi verkefni og nýsköpun í Dalabyggð. Alls bárust 21 umsókn í ár. Til úthlutunar voru 18.375.000 kr. og er það töluverð hækkun frá síðasta ári en þá voru rúmar 12 milljónir til úthlutunar. Fjölbreytt flóra verkefna fengu styrk að þessu sinni og er bæði um að ræða samfélagsverkefni og atvinnuskapandi verkefni. Það verður spennandi að fylgjast með verkefnunum glæðast lífi næsta árið. Ég endurtek hér hamingjuóskir mínar til styrkþega.



- Miðvikudaginn 17. apríl var ársþing Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN) haldið í Dalabúð í Búðardal. Undirritaður fékk þann heiður að vera fundarstjóri á afkastamiklu þingi þar sem lagabreytingar voru fyrirferðarmiklar auk umræðu um starfið sem er kraftmikið og dýrmætt. Jóhanna Sigrún Árnadóttir var endurkjörin formaður UDN og óska ég henni, stjórn og félagsmönnum öllum velfarnaðar í sínum störfum á komandi misserum og árum.
- Undirbúningur fyrir Sturluhátíð er í fullum gangi og er hún fyrirhuguð 13. júlí í sumar og verður hún með svipuðu sniði og sl. sumar, þ.e. hist verður að Staðarhóli í Saurbæ og svo verður haldið að Laugum í Sælingsdal þar sem hin eiginlega dagskrá verður ásamt kaffiveitingum.






- 
- Þann 19. apríl var undirritaður samningur við Mílu um kaup fyrirtækisins á ljósleiðarakerfi Dalaveitna ehf. Samhliða var það staðfest að Míla mun á árinu 2024 hefja lagningu ljósleiðara í Búðardal og stefnir að því að ljúka því verkefni í tveimur atrennum og verður sú síðari sumarið 2025. Er það ánægjulegt að sjá þann metnað sem Míla hefur fyrir fjarskiptainnvíðum í Dalabyggð og vænti ég góðs af samskiptum við fyrirtækið í þágu innviða í Dölum.
  - Undanfarnar vikur höfum við átt í samskiptum við aðila varðandi þá möguleika sem kunna að vera til staðar til þess að hefja formlegan undirbúning þess að koma upp sameiginlegri aðstöðu viðbragðsaðila hér í Búðardal. Verið er að vinna þarfagreiningu hvað varðar rýmisþörf þannig að vonandi komast málin á enn frekara skrið þegar inn í sumarið kemur.






- Þann 18. apríl var undirritaður samstarfssamningur milli Dalabyggðar og Skátafélagsins Stíganda. Markmið samningsins er meðal annars að skilgreina og efla tengsl sveitarfélagsins og skátafélagsins með það að markmiði að styrkja Dalabyggð frekar sem áhugaverðan og góðan búsetukost, þar sem m.a. fari fram kraftmikið skátastarf, íbúum sveitarfélagsins til heilla. Samningurinn byggir á farsælu og nánú samstarfi samningsaðila til nokkurra ára og hefur að markmiði að móta samskipti þeirra til framtíðar. Með samningnum fær klúbburinn afnot af aðstöðu fyrir bæði búnað og fundi ásamt rekstrarframlagi en framlag samningsins er metið á 990.000 kr. Samningurinn gildir til ársloka 2026 og er það von Dalabyggðar að með samningnum fái skátastarfið að blómstra áfram, styrkja og efla þátttakendur. Stígandi hefur verið virkur þátttakandi í viðburðum í héraðinu sl. ár, m.a. staðið heiðursvörð á 17. júní, tekið þátt á bæjarhátíðum og haft hreinsunardag í Búðardal. Hér meðfylgjandi skýrslu minni er einmitt mynd af duglegum skátum sem voru að leggja af stað í tiltekt sl. mánudag.



- 
- An aerial photograph showing a coastal town with a mix of residential and commercial buildings, situated on a green hillside overlooking a bay. The background features a wide valley with agricultural fields and distant mountains under a clear sky.
- Viðræður við banka- og lánastofnanir vegna framkvæmda við íþróttamannvirki í Búðardal eru í fullum gangi og vonir standa til að á næstu vikum verði þær til lykta leiddar þannig að í kjölfarið geti framkvæmdir farið af stað. Kannski fer fólk að verð leitt og þreytt á þessum „næstum því fréttum“ en það er mikilvægt að vanda til verka, ekki síst í því vaxtaumhverfi sem nú er í þjóðfélaginu.



- Það er afar ánægjulegt að sjá mjög góða útkomu Dalabyggðar sem kom út úr íbúakönnun SSV á landsvísu þar sem spurt var út í íbúalýðræði þar sem lykilspurning var „hversu vel finnst þér sveitarfélagið leita eftir sjónarmiðum eða skoðunum íbúanna?“ Það er skemmst frá því að segja að Dalabyggð kom best út fyrir landið allt. Við megum við svo sannarlega vera stolt af útkomunni hvað þennan þátt varðar og ástæða til þess að hrósa íbúum, starfsfólki okkar og stjórnslunni allri til hamingju og nú er mikilvægt að vanda sig áfram og byggja ofan á þessa jákvæðu niðurstöðu. Mitt mat er að hér séu ýmsir samverkandi þættir sem skapa þá upplifun sem þarna birtist, viðmót starfsmanna og kjörinna fulltrúa, opnir samráðsfundir á vegum sveitarfélagsins og DalaAuðs, saman og í samstarfi þannig að það er breiður hópur sem á þátt í þessari útkomu þannig að enn og aftur segi ég; liðsheildin okkar er sterk og samheldin, höldum því þannig með öllum ráðum. Könnunin í heild sinni er enn í yfirferð hjá starfsfólki SSV og verður enn meira spennandi að sjá heildarútkomu okkar í Dalabyggð því vænta má að þar komi eitthvað fram sem við þurfum að bregðast við því allt er svigrúm til þess að bæta og efla þjónustu hins opinbera, okkar eins og annarra hvort sem um er að ræða sveitarfélög eða ríki.





- 
- Talandi um íbúalýðræði og íbúafundi þá var í gær haldinn afar góður umræðufundur sem bar yfirskriftina „Ímynd Dalanna – hvernig viljum við að aðrir sjái okkur?“ miðvikudaginn 15. maí. Fundurinn er hluti af verkefninu *Dalabyggð í sókn*, þar sem unnið er að því að styrkja ímynd Dalanna með það að markmiði að trekkja að nýja íbúa, fyrirtæki og fjárfesta. Dalabyggð og SSV standa að verkefninu og hafa notið liðsinnis Háskólans við Bifröst vegna þess. Nýlega var samið við fyrirtækið Cohn&Wolfe sem sérhæfir sig í almannatengslum og sá framkvæmdastjóri þess, Ingvar Örn Ingvarsson, um kynningu á stöðu verkefnisins og kallaði eftir hugmyndum sem nýst geta í t.d. markaðsaðgerðir og markaðsefni fyrir Dalina. Umræður voru góðar og vil ég þakka þeim sem gáfu sér tíma í önnum dagsins til þess að mæta og taka þátt.







- 
- Eins og kynnt hefur verið á heimasíðu Dalabyggðar þá er í undirbúningi að samhliða 17. júní hátíðarhöldum í Dalabyggð að fagna því að 30 ár verða þann 11. júní frá því að Dalabyggð tók til starfa sem sveitarfélag. Menningarmálanefnd Dalabyggðar og starfsmaður hennar halda utan um undirbúning í samstarfi við félagasamtök og einstaklinga og stefnir í þetta og góða dagskrá. Vil ég þakka öllum þeim sem gefið hafa kost á sér við undirbúning þessa dags.



- 
- Auglýst hafa verið störf í Vinnuskóla Dalabyggð sumarið 2024 og launatafla samþykkt í byggðarráði. Það er Sigríður okkar Jónsdóttir sem mun halda utan um starfið í sumar líkt og sl. sumur og er það fagnaðarefni. Það er vonandi að við fáum ágæta skráningu í vinnuskólann okkar þannig að krakkarnir nái að aðstoða okkur af krafti við að snyrta og hreinsa umhverfið okkar.
  - Talandi um hreinsun á umhverfi þá fór götusópun fram í Búðardal dagana 22. til 24. apríl. Mig langar hér til að hvetja til þess að einstaklingar og fyrirtæki hreinsi nú á komandi dögum og vikum í sínu næsta nágrenni. Það er dýrmætt hverju samfélagi að allir sem einn leggi sitt af mörkum til fegrunar og hreinsunar, þar skiptir aðkoma og framganga sveitarfélagsins miklu mál og þurfum við að horfa til þess að Dalabyggð bæti sig í þeim efnum enn frekar.





- 
- Föstudaginn 10. maí var haldinn fundur í félagsheimilinu Breiðabliki á Snæfellsnesi þar sem rætt var um ástand vegakerfisins á Vesturlandi. Fundinn sátu Alþingismenn, forstjóri Vegagerðarinnar, sveitarstjórnarfolk af Vesturlandi, þ.m.t. 4 fulltrúar f.h. Dalabyggðar, og starfsmenn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Þetta var góður fundur þar sem lögð var áhersla á að strax yrði að ráðast í endurbætur á Snæfellsnesvegi 54 og ekki síst þjóðvegi 60 í gegnum Dalina.





- Ég vek athygli á að nú er opið fyrir umsóknir um svokallaða öndvegisstyrki Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja annars vegar menningarverkefni og hins vegar atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Vesturlandi. Sjóðurinn úthlutar reglulega styrkjum til nýsköpunar í atvinnulífi og til menningarverkefna. Þetta er í þriðja sinn sem sjóðurinn úthlutar öndvegisstyrkjum sem alla jafna eru veglegir styrkir og þeir umsækjendur sem eru með áhugaverðustu hugmyndirnar fá tækifæri til þess að vinna þær lengra áður en kemur til endanlegrar úthlutunar. Ég skora á kröftuga Dalamenn að íhuga þennan möguleika vel.

# ÖNDVEGISSTYRKIR UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands hefur ákveðið að veita alls 20 m.kr. til áhugaverðra verkefna á Vesturlandi. Viðkomandi verkefni geta verið á hugmyndastigi eða lengra komin. Þau þurfa að hafa skírskotun til svæðisins og nýsköpunar í atvinnulífi og menningu þess.

Í fyrstu umferð verða valin allt að 4 verkefni úr umsóknum sem fá 700.000 kr. til að ljúka við gerð viðskiptaáætlunar eða móta verkefnið sitt frekar ef viðskiptaáætlun er þegar til – skilafrestur 27. maí 2024

Í annari umferð skila valin verkefni viðskiptaáætlun og ákvörðun tekin um styrki – skilafrestur 15. ágúst 2024

## AÐSTÖÐ VIÐ UMSÓKNIR

### ATVINNU- & NÝSKÖPUNARVERKEFNI

Helga Guðjónsdóttir [helga@ssv.is](mailto:helga@ssv.is) 895-6707

Ólöf Guðmundsdóttir [olof@ssv.is](mailto:olof@ssv.is) 898-0247

### MENNINGARVERKEFNI

Sigursteinn Sigurðsson [sigursteinn@ssv.is](mailto:sigursteinn@ssv.is) 698-8503



SÓKNARÁÆTLUN  
VESTURLANDS

RÁÐGJÖF &  
NÁNARI  
UPPLÝSINGAR  
Á [WWW.SSV.IS](http://WWW.SSV.IS)

- 
- Það er ánægjulegt að geta þess að Dalabyggð hlaut í lok apríl styrk úr Framkvæmdarsjóði ferðamannastaða að upphæð 2.160.000kr.- í verkefnið **Guðrúnarlaug að Laugum í Sælingsdal – viðhald og endurbætur**. Styrkurinn felst í viðhaldi, stígagerð og bættri upplýsingamiðlun með skiltum til að leitast við að stýra betur umferð gangandi gesta um svæðið og stuðla þannig að verndun náttúrunnar og öryggi gesta.







- 
- Sumarið nálgast og þar með þarf m.a. að skipuleggja starfsemi skrifstofu Dalabyggðar m.t.t. orlofsóska starfsmanna. Við horfum til þess að loka skrifstofunni í u.þ.b. tvær vikur eða dagana 22. júlí til 5. ágúst. Við munum kynna lokun skrifstofunnar vel í aðdraganda hennar en jafnframt vakta pósthólf og þ.h. ef upp kom brýn úrlausnarefni meðan lokun varir.
  - Annatími er á mörgum búum í Dalabyggð þessa dagana og örugglega margir sem vaka heilu og hálfu næturnar á vaktinni vegna sauðburðar. Ég vil senda öllum þeim sem í sauðburði standa núna góðar kveðjur með ósk um að allt gangi eins og best verður á kosið í öllum þeim verkefnum sem um ræðir.



- BBP – 16/05/2024

